

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt. dags.	06.06.2016
Málalykill	00.48
Mál nr.	1606139



Garðabær
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 2. júní 2016
Tilv.: IRR16030232/21.20

Í desember sl. var skrifað undir samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga sem fól í sér endanlega niðurstöðu um fjármögnun þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk samkvæmt lögum um málaflokkinn. Samkvæmt samkomulaginu hækka framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til málaflokks fatlaðs fólks um allt að 1,5 milljarða á ári.

Við undirritun samkomulagsins í desember var jafnframt kynnt skýrsla verkefnastjórnar um faglegt og fjárhagslegt mat á yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaganna. Í niðurstöðum verkefnastjórnarinnar kemur m.a. fram að hún sé sammála um eftirfarandi túlkun varðandi langtímaleigusamninga um húsnæði sem nýtt var í málaflokknum fyrir yfirfærslu:


"Framkvæmd leigusamninga, sem svæðisskrifstofur málefna fatlaðra höfðu gert vegna húsnæðis sem þær nýttu fyrir þjónustu við fatlað fólk, fluttist til sveitarfélaga samhliða yfirfærslunni. Sveitarfélög fengu þannig umrætt húsnæði til afnota við yfirfærsluna og tóku að sér leigugreiðslur samkvæmt leigusamningi. Breytingar á því fyrirkomulagi og breytingar á notkun þessa húsnæðis eru á ábyrgð sveitarfélaga, enda þótt leigusali hafi ekki fallist á aðilaskipti að hlutaðeigandi leigusamningum. Þá er því vísað til Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs að útfæra tillögu að mögulegum jöfnunarframlögum vegna umræddra leigusamninga."


Á fundum ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 22. apríl og 24. maí sl. var fjallað um mögulega aðkomu sjóðsins að jöfnun kostnaðar vegna langtímaleigusamninga sem ríkið gerði við Brynju, hússjóð ÖBÍ og fleiri aðila áður en málaflokkurinn var fluttur frá ríki til sveitarfélaga. Á fundinum 24. maí samþykkti ráðgjafarnefndin að gera tillögu til innanríkisráðherra um úthlutun framlags til þeirra sveitarfélaga/þjónustusvæða þar sem um langtímaleigusamninga er að ræða. Útreikningur framlagsins tekur mið af því að sett er viðmið um eðlilegt leiguverð fyrir slíkt húsnæði og er mismunur raunverulegs leiguverðs og viðmiðsins bættur úr Jöfnunarsjóði með framlagi. Viðmið við útreikninganna tekur mið af leiguverði að fjárhæð 1.800 kr. á m².

Samkvæmt athugun Sambands íslenskra sveitarfélaga, velferðarráðuneytisins og innanríkisráðuneytisins vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga reiknast framlag til 8 sveitarfélaga/þjónustusvæða vegna 21 fasteigna með langtímaleigusamninga. Heildarframlag sjóðsins vegna þessara jöfnunaraðgerða eru tæpar 70 m.kr.

Útreiknað framlag til Garðabæjar vegna þessara sérstöku jöfnunaraðgerða vegna langtímaleigusamninga er rúmar 2,6 m.kr. vegna ársins 2016 og koma til greiðslu mánaðarlega.

Fyrir hönd ráðherra


Guðni Geir Einarsson


Bergur Sigurjónsson